

Fundur foreldraráðs 7. nóvember 2016 kl.20:00.

Mættar eru Júlíana, Guðrún Hrafnhildur, Hugrún og Sif.

1. Undirskrifa þagnareið
2. Farið yfir starfsáætlun leikskólans veturinn 2016-2017. Áherslur eru á að lesa og rýna í heilbrigði og velferð.
 - a. Ekki keypt tómatsósa nema til hátíðarbrigða og þá með steviu. verið að klára birgðir.
 - b. Sykurinn tekinn úr kanilsykrinum. Börnin kvarta ekki.
 - c. Verið boðið upp á íspinna á afmæli leikskólans en það verður ekki áfram.
 - d. Þegar afmæli á deild þá ávaxtabitar í glas og afmælisbarn býður upp á ávextina.
 - e. Fleira verður skoðað í kjölfarið.
3. Farið yfir matseðil leikskólans og einnig rætt um samráðsfundi matráða í skólum Árborgar. Eitthvað verður um samræmingar milli skóla í máltíðum desembermánaðar.
4. Júlí kynnir þróunarverkefnið sem verið er að vinna í núna „Námsmat á mörkum skólastiga“ Rúnar Sigþórsson er verkefnastjóri yfir verkefninu.
5. Júlí og Þórdís kynntu Lubbaverkefnið á ráðstefnunni „Lubbi í leikskólastarfi og tenging við grunnskóla: skapandi og árangursrík vinna með mál, tal og læsi“ á Grand Hótel 31. október sl. Gekk það vonum framar og hlutu þær mikið lof fyrir.
6. Leikskólinn fékk aukið fjármagn undir flokkinn „leikfanga og föndurvörur“ sem var nýtt til kaupa á Lubbasmiðju á allar deildir.
7. Þörf á að senda annað bréf til þess að þrýsta á framkvæmdir á nýjum bílastæðum við leikskólann. Undirskriftarlisti verður settur í anddyri á litlu og stóru deildum og sendur með bréfi til viðeigandi nefnda.
8. Næsti fundur áætlaður í lok janúar.

Fundi slitið kl. 21.

Fundargerð ritaði Hugrún Vignisdóttir.